7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 580 7. október 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331/1997 um námsorlof framhaldsskólakennara.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Þriggja manna nefnd sem menntamálaráðherra skipar veitir menntamálaráðherra umsögn um umsóknir og gerir rökstuddar tillögur um úthlutun námsorlofs og styrkja skv. 2. og 4. gr. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi:

a) Hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hvernig það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal fyrst og fremst veitt til náms sem tengist starfssviði umsækjanda.
b. Starfsaldurs umsækjanda.

Við veitingu námsorlofs skal taka tillit til eðlilegrar dreifingar milli skólastofnana, námsgreina, skólasvæða og kynja.

Nefndin skal þannig skipuð: Einn skal skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hins íslenska kennarafélags og einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartímabil nefndarinnar er fjögur ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. október 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 581 8. október 1997

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga, nr. 646/1995.

1. gr.

Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur ný mgr., svohljóðandi:

Félagið skal tryggja fjölbreytni og dreifingu eigna á móti vátryggingaskuld í samræmi við tegund þeirra skuldbindinga sem hvíla á félaginu. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem félagið ber og felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og skulu eignir á móti vátryggingaskuldbindingu félagins valdar í samræmi við það. Eignum sem ekki er hægt að selja með stuttum fyrirvara skal halda innan hóflegra marka. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. eiga ekki við um

skuldbindingar vegna líftryggingasamninga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka nema að því marki sem í þeim felst loforð félagsins um vexti eða tiltekna útborgun.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. fellur niður.

3. gr.

Á eftir 5. gr. bætast við fyrirsögn og ný grein, svohljóðandi:

Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.

5a. gr.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð verðgildi eininga í verðbréfasjóði samkvæmt lögum nr. 10/1993 um verðbréfasjóði eða verðgildi eininga í sjóði sem er í vörslu vátryggingafélagsins, skal líftryggingaskuld vegna skuldbindingarinnar mætt með einingum sem samsvara, eins og hægt er, þeim einingum sem samningurinn kveður á um eða þegar slíkar einingar eru ekki til, með sömu eignum og að baki liggja.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð gengi hlutabréfa eða annarri viðmiðun en fram kemur í 1. mgr. skal vátryggingaskuld vegna þessarar skuldbindingar mætt, eins og hægt er, annaðhvort með einingum sem taldar eru samsvara eignum sem vísað er til í samningnum, eða þegar einingar af því tagi eru ekki fáanlegar, með hæfilega öruggum og seljanlegum eignum samsvarandi eins vel og hægt er því sem samningurinn tekur mið af.

4. gr.

Í stað 2. málsl. 4. mgr. 6. gr. kemur nýr málsl., svohljóðandi:

Afleiðusamninga svo sem vilnanir, framvirka samninga og skiptasamninga má aðeins nota við mat á eignum sem samningarnir tengjast. Matið skal vera varfærnislegt og má aðeins nota afleiðusamninga sem stuðla að því að draga úr fjárfestingaráhættu og eru liður í að auka hagkvæmni fjárfestingarstjórnunar.

5. gr.

9. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Hlutdeild í dótturfélagi sem hefur það hlutverk eitt að ávaxta eignir vátryggingafélagsins að öllu leyti eða að hluta skal metin sem hlutdeild félagsins í eignum dótturfélagsins.

Vátryggingaeftirlitið getur krafist þess að eignir í öðrum dótturfélögum séu metnar á sama hátt.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 10. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Víkja má frá þeirri reglu, nemi eignir sem ættu að vera í tilteknum gjaldmiðli 7% eða minna af eignum samanlagt í öðrum gjaldmiðlum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 3. mgr. 34. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi með síðari breytingum, sbr. einnig 98. gr. sömu laga, og byggir á ákvæðum í 21., 22. og 23. gr. tilskipunar 92/96/ESB og ákvæðum í 21. og 22. gr. tilskipunar 92/49/ESB.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 8. október 1997.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.